

Ed.

924. Nefndarálit

[99. mál]

um frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundir, héraðsfundi o. fl.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta var fyrst lagt fyrir Alþingi vorið 1983 en var þá ekki rætt. Kirkjulaganefnd skilaði frv. til kirkjuþings 1982. Voru þar gerðar á því smávægilegar breytingar sem felldar voru inn í frv. áður en það var lagt fram á Alþingi. Frv. var svo endurflutt á yfirstandandi þingi. Í meðferð neðri deildar voru gerðar nokkrar breytingar á frv.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og er sammála um að mæla með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd. þó að einstakir nefndarmenn geri svo með fyrirvara.

Í umræðum um frv. í nefndinni komu fram ábendingar um hvort ýmis ákvæði frv. ættu ekki fremur að vera innri mál kirkjunnar og hljóta afgreiðslu á kirkjuþingi.

Það er skoðun nefndarmanna að kirkjan hljóti sjálf að ráða allmiklu um margs konar framkvæmdaratriði í starfi sínu og þjóna sinna, — önnur en þau sem snerta beinlínis fjárveitingar úr ríkissjóði. Svo að dæmi sé tekið þá er til fhugunar hvort binda eigi í lögum ákvæði um fjölda messugjörða í tilteknum sóknum.

„Kirkja vors Guðs er gamalt hús“ og byggir á hefð og kenningu fremur en aðrar stofnanir þjóðfélagsins. Þrátt fyrir nán tengsl ríkisins og þjóðkirkjunnar hlýtur kirkjan að hafa verulegt forræði um alla þætti kirkjulegs starfs í þjóðfélaginu.

Alþingi, 14. maí 1985.

Haraldur Ólafsson,
form., frsm.

Eiður Guðnason,
með fyrirvara.

Ragnar Arnalds,
með fyrirvara.

Salome Þorkelsdóttir.

Ey. Kon. Jónsson.